

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1655/1999

2008/EES/45/35

frá 19. júlí 1999

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrstu málsgrein 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reynslan af beitingu reglugerðar (EB) nr. 2236/95 ⁽⁵⁾ hefur leitt í ljós að gera þarf á henni nokkrar breytingar.
- 2) Nauðsynlegt er að greiða fyrir fjármögnun tiltekinnar verkefna með því að gera framlag til myndunar áhættufjármagns hluta af hugsanlegri aðstoð. Æskilegt er að nota það fjármagn, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2236/95 til að framlag fjármagns frá einkaaðilum verði sem mest.
- 3) Áhættufjármagn, sem hluti af heildarfjármögnun verkefnis, getur stuðlað að því að koma á samstarfi milli opinberra aðila og einkaaðila í verkefnum er lúta að samevrópskum netum. Framboð áhættufjármagns vegna samevrópskra neta er takmarkað, einkum á fyrstu stigum þeirra.
- 4) Rétt er að heimila að hlutur áhættufjármagns í fjárfestingarsjóðum, sem hafa það að meginmarkmiði að útvega áhættufjármagn til verkefna er lúta að samevrópskum netum, sé allt að 1% af heildarfjárhæðinni á tímabilinu 2000–2006 til að afla megi reynslu af þessari nýju fjármögnunarleið. Mörk þessi er heimilt að hækka upp í allt að 2% að lokinni endurskoðun á framkvæmd þessa gernings. Einnig er rétt að skoða hugsanlega útvíkkun hans síðar.
- 5) Til að auka gagnsæi og standa undir væntingum varðandi verkefni eða verkefnaflokka, sem krefjast mikils fjármagns í langan tíma, er æskilegt að gera leiðbeinandi áætlanir til margra ára innan tiltekinnar atvinnugreina eða sviða. Í þessum áætlunum skal tilgreina heildarfjárhæð og árlega fjárhæð aðstoðar, sem úthluta má til verkefna eða verkefnaflokka á tilteknu tímabili, og skal nota þessar fjárhæðir sem viðmiðun fyrir árlegar ákvarðanir um veitingu fjárhagsaðstoðar innan ramma árlegra fjárveitinga á fjárhagsáætlun þegar þær eru í samræmi við viðeigandi leiðbeinandi áætlanir til margra ára. Árlegar fjárhæðir, sem eru tilgreindar í þessum áætlunum, jafngilda þó ekki skuldbindingum um fjárveitingu á fjárhagsáætlun.
- 6) Verkefni eða verkefnaflokkar eiga að geta notið góðs af síðari ákvörðunum um fjárhagsaðstoð.
- 7) Í umsókn um fjárstuðning vegna verkefna er nauðsynlegt að leggja fram nákvæma sundurliðun á áætlunum að því er varðar uppruna framlaga frá Bandalaginu og frá landsbundnum, svæðisbundnum og staðbundnum opinberum stofnunum, svo og umfang fjárfamlaga frá einkageiranum.
- 8) Ef viðkomandi aðgerðir eru ekki hafnar innan tiltekinnar tíma skal veitt fjárhagsaðstoð felld niður, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.
- 9) Nauðsynlegt er að starfsemi Fjárfestingarsjóðs Evrópu sé talin með þeim fjármálagerningum Bandalagsins sem aðgerðir á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2236/95 þurfa að samrýmast.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 197, 29.7.1999, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB C 175, 9.6.1998, bls. 7 og Stjtuð. EB C 27, 2.2.1999, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtuð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 120.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 93, 6.4.1999, bls. 29.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 19. nóvember 1998 (Stjtuð. EB C 379, 7.12.1998, bls. 186), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. desember 1998 (Stjtuð. EB C 49, 22.2.1999, bls. 4) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. maí 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 7. júní 1999.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EBL 228, 23.9.1995, bls. 1.

- 10) Framkvæmdastjórnin á að geta krafist þess að þiggjendur aðstoðar leggi fram mat á verkefnum, sem hljóta stuðning á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2236/95, eða nauðsynlegar upplýsingar sem gera henni kleift að framkvæma sitt eigið mat.
- 11) Í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE⁽¹⁾ er mælt fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem ráðið hefur falið framkvæmdastjórninni vegna framkvæmdar gerða sem það samþykkir. Við málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ber að taka tillit til hugsanlegra breytinga á gildandi fyrirkomulagi, sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana, eða í ákvörðun 87/373/EBE.
- 12) Með tilliti til mikilvægis samevrópskra neta er rétt að fella inn í reglugerð (EB) 2236/95 fjárhagsramma, í skilningi 1. liðar í yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, að fjárhæð 4 600 milljónir evra, sem kemur til framkvæmda á tímabilinu 2000–2006.
- 13) Rétt er að ráðið kanni hvort ráðstöfunum á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2236/95 verði haldið áfram eða þeim breytt í ljósi ítarlegrar skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fram fyrir árslok 2006.
- 14) Á aðlögunartímabilinu frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2001 skal líta á allar vísanir til evrunnar sem vísanir til evrunnar sem mynteiningar, eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 974/98 frá 3. maí 1998 um upptöku evrunnar⁽²⁾.
- 15) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2236/95 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2236/95 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. falli brott.
2. Ákvæði 3. gr. falli brott.
3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Tegund aðstoðar

1. Aðstoð Bandalagsins við verkefni getur verið á einn eða fleiri vegu, sbr. eftirfarandi:

- a) sameiginleg fjármögnun rannsókna sem tengjast verkefnum, þ.m.t. undirbúnings-, hagkvæmni- og matsrannsóknir, og aðrar tæknilegar stuðningsráðstafanir vegna þessara rannsókna. Hlutdeild Bandalagsins má alla jafna ekki fara yfir 50% af heildarkostnaði við rannsókn. Í vel rökstuddum undantekningartilvikum getur hlutdeild Bandalagsins farið yfir 50% mörkin að frumkvæði

- framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki hlutadeigandi aðildarríkja,
- b) niðurgreiðsla vaxta af lánum frá Fjárfestingarbanka Evrópu eða öðrum opinberum eða einkareknum fjármálastofnunum. Að jafnaði skal niðurgreiðslan ekki standa yfir lengur en í fimm ár,
 - c) greiðsla upp í gjöld af ábyrgðum vegna lána frá Fjárfestingarsjóði Evrópu eða öðrum fjármálastofnunum,
 - d) beinir fjárfestingarstyrkir í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum,
 - e) hlutdeild í áhættufjármagni fyrir fjárfestingarsjóði eða sambærileg fjármagnsfyrirtæki, sem hafa það að meginmarkmiði að útvega áhættufjármagn vegna verkefna er lúta að samevrópskum netum og þar sem fjárfestingar einkageirans eru verulegar; áhættufjármagn þetta má ekki fara yfir 1% af fjárveitingum skv. 18. gr. Í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í 17. gr. má hækka þessi mörk upp í allt að 2% frá árinu 2003 að telja í ljósi endurskoðunar á framkvæmd þessa gernings sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Í viðaukanum er mælt nánar fyrir um framkvæmd þessarar hlutdeildar í áhættufjármagni.

Áhættufjármagnið má greiða beint til sjóðsins eða sambærilegs fjármögnunarfyrirtækis eða til viðeigandi sameiginlegs fjárfestingaraðila undir stjórn sömu sjóðsstjóra,

- f) Bandalagsaðstoð samkvæmt a- til e-lið skal sameinuð, eftir því sem við á, til að úthlutaðar fjárveitingarnar hafi sem mest hvetjandi áhrif og séu notaðar á sem hagkvæmastan hátt.
2. Þær tegundir Bandalagsaðstoðar, sem um getur í a- til e-lið, skal nota á valvísan hátt þannig að tekið sé tillit til sérkenna hinna ýmsu gerða neta sem um er að ræða og að tryggt sé að slík aðstoð raski ekki samkeppni milli fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein.

3. Fjármögnun verkefna á sviði samgöngumannvirkja á tímabilinu sem um getur í 18. gr. skal nota á þann hátt að minnst 55% fari til járnbrauta (þ.m.t. samsettir flutningar) og 25% að hámarki fari til vegaf framkvæmda.

4. Framkvæmdastjórnin skal sérstaklega stuðla að því að leitað verði eftir einkafjármagni vegna verkefna, sem eru fjármögnuð á grundvelli þessarar reglugerðar, þar sem margföldunaráhrifin af fjármálagerningum Bandalagsins geta orðið mest í samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila. Framkvæmdastjórnin skoðar hvert mál fyrir sig, ef við á, með tilliti til hugsanlegrar annars konar lausnar sem eingöngu er fjármögnuð með opinberu fé. Þess er krafist að hvert verkefni njóti stuðnings hlutadeigandi aðildarríkis í samræmi við sáttmálann.“

⁽¹⁾ Stjúd. EB L 197, 18.7.1987, bls. 33.

⁽²⁾ Stjúd. EB L 139, 11.5.1998, bls. 1.

4. Í 3. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Heildarfjárhæð aðstoðar Bandalagsins á grundvelli þessarar reglugerðar getur, í undantekningartilvikum að því er varðar verkefni tengd staðsetningar- og leiðsögukerfum um gervihnött, eins og kveðið er á um í 17. gr. ákvörðunar nr. 1692/96/EB (*), numið allt að 20% af heildarfjárfestingarkostnaði frá og með 1. janúar 2003, að lokinni endurskoðun.

(*) Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

Leiðbeinandi áætlun Bandalagsins til margra ára

1. Með fyrirvara um beitingu 6. gr. og til að auka skilvirkni aðgerða Bandalagsins getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr., mótað leiðbeinandi áætlun til margra ára fyrir hverja atvinnugrein (hér á eftir nefnd „áætlunin“) á grundvelli viðmiðunarreglnanna sem um getur í 155. gr. sáttmálans. Áætlunin byggist á umsóknum um fjárhagsaðstoð á grundvelli 8. gr. og endurspeglar m.a. upplýsingar sem aðildarríkin veita, einkum upplýsingarnar sem settar eru fram í 9. gr.

2. Áætlunin skal eingöngu taka til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og/eða samfelldra verkefnaflokka sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem áður hafa verið tilgreindir innan ramma viðurmiðunarreglnanna, sem um getur í 1. mgr. 155. gr. sáttmálans, á sérstökum sviðum þar sem þörf er á verulegu fjármagni til langs tíma.

3. Í áætluninni eru fastsettar leiðbeinandi fjárhæðir fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar fyrir hvert verkefni eða verkefnaflokk, sem um getur í 2. mgr. áætlunarinnar, með fyrirvara um árlegar ákvarðanir fjárveitingavaldsins. Ekki skal nota meira en 75% fjárveitinga skv. 18. gr. fyrir leiðbeinandi áætlanir til margra ára.

4. Áætlunin á að vera viðmiðun fyrir árlegar ákvarðanir um úthlutun Bandalagsaðstoðar til verkefna innan árlegra fjárveitinga á fjárhagsáætlun. Framkvæmdastjórnin skal reglulega tilkynna nefndinni, sem um getur í 17. gr., um framgang áætlunarinnar og um allar ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin tekur um úthlutun Bandalagsaðstoðar til verkefna. Í fylgiskjölum með bráðabirgðadrögum framkvæmdastjórnarinnar að fjárhagsáætlun skal vera skýrsla um hvernig miðar við framkvæmd hvernar leiðbeinandi áætlunar til margra ára, í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

Endurskoða verður áætlunina eigi síðar en á miðju tímabilinu eða í ljósi raunverulegs árangurs verkefnisins/verkefnanna eða verkefnaflokka og ef þörf krefur ber að endurskoða hana í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr.

Í áætluninni skulu einnig koma fram upplýsingar um aðrar fjármögnunarleiðir vegna viðkomandi verkefna, einkum frá öðrum Bandalagsgeringum og Fjárfestingarbanka Evrópu.

5. Ef verulegar breytingar verða á framkvæmd verkefnisins/verkefnanna eða verkefnaflokka tilkynnir viðkomandi aðildarríki framkvæmdastjórninni það án tafar.

Ef nauðsynlegt reynist, í kjölfar þessara breytinga, að breyta leiðbeinandi heildarfjárhæðunum, sem fastsettar eru í áætluninni fyrir verkefnið/verkefnið eða verkefnaflokkana, skal ákvörðun þar um tekin í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr.“

6. Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við í 6. gr.:

„1. a Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin tryggja samræmi milli ákvarðana sinna um úthlutun Bandalagsaðstoðar og forgangsverkefnanna, sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglunum fyrir mismunandi atvinnugreinar skv. 1. mgr. 155. gr. sáttmálans. Þetta skal fela í sér samræmi við allar kröfur sem kann að vera mælt fyrir um í þessum viðmiðunarreglum sem hlutfall af heildaraðstoð Bandalagsins.“

7. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Framlagning umsókna um fjárhagsaðstoð

Viðkomandi aðildarríki eða, með samþykkti viðeigandi aðildarríkis/-ríkja, opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki, eða stofnanir sem málið varðar, skulu senda umsóknir um fjárhagsaðstoð til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta samning viðkomandi aðildarríkja.“

8. Í stað áttunda undirlíðar a-liðar 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„– fjárhagsáætlun þar sem allir fjármögnunarliðir eru tilgreindir í evrum eða innlendra mynt, þ.m.t. sú fjárhagsaðstoð sem óskað var eftir frá Bandalaginu, í mismunandi formi, eins og greint er frá í 4. gr., og frá staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum opinberum stofnunum, svo og frá einkaaðilum, og sú aðstoð sem þegar hefur verið veitt.“

9. Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Umsækjendur skulu veita framkvæmdastjórninni allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem hún fer fram á, s.s. færíbreytur, viðmiðunarreglur og tilgátur sem kostnaðar- og ábatagreiningin byggist á.“

10. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Veiting fjárhagsaðstoðar

Í samræmi við 274. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin ákveða að veita fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð samkvæmt mati sínu á umsóknum í samræmi við valviðmiðanir. Þegar um er að ræða verkefni, sem eru tilgreind í viðkomandi leiðbeinandi áætlun til margra ára, sem komið var á fót

á grundvelli 5. gr. a, skal framkvæmdastjórnin taka árlegar ákvarðanir sínar um veitingu aðstoðar innan marka þeirra leiðbeinandi fjárhæða sem kveðið er á um í þeirri áætlun. Þegar um er að ræða önnur verkefni skal samþykkja ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þiggjendum aðstoðar og aðildarríkjunum um ákvörðun sína milliliðalaust.“

11. Í stað 7. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„7. Í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr. skal framkvæmdastjórnin setja ramma um það með hvaða hætti, hvenær og hve háar fjárhæðir fara í niðurgreiðslu vaxta og ábyrgðariðgjalda og til stuðnings í formi þátttöku í áhættufjármagni að því er varðar fjárfestingarsjóði eða sambærileg fjármagnsfyrirtæki sem hafa það að meginmarkmiði að leggja fram áhættufjármagn til verkefna er varða samevrópsk net.“

12. Í 12. gr.:

- a) í stað inngangssetningarinnar að 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til að tryggja að verkefnum sem eru fjármögðuð með þessari reglugerð sé lokið á farsælan hátt skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, hvert á sínu valdsviði, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:“.

- b) í stað þriðja undirliðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„– endurheimta allar fjárhæðir sem hafa glatast við brot á reglum, þ.m.t. vextir vegna dráttar á endurgreiðslu í samræmi við reglurnar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Ef aðildarríkin og/eða opinber yfirvöld, sem bera ábyrgð á framkvæmdinni, geta ekki lagt fram sannanir um að þau séu ekki ábyrg fyrir brotum á reglum verður aðildarríkið að taka þann kostinn að endurgreiða allar fjárhæðir sem voru greiddar á óréttmætan hátt.“

- c) í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Þegar um er að ræða Bandalagsaðstoð til opinberra fyrirtækja eða einkafyrirtækja eða stofnana sem málið varðar skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, sinna eftirlitsráðstöfunum í samvinnu við aðildarríkin.“

- d) í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Ábyrgar stofnanir og yfirvöld, opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki eða aðilar sem málið varðar, skulu hafa öll fylgiskjöl vegna greiðslna til verkefnis tiltæk fyrir framkvæmdastjórnina í fimm ár eftir að lokagreiðsla til verkefnisins hefur verið innt af hendi.“

13. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 13. gr.:

„2a. Framkvæmdastjórnin fellir úr gildi, nema í tilvikum sem eru vel rökstudd gagnvart framkvæmdastjórninni, alla aðstoð til verkefna sem ekki er hafist handa við innan tveggja ára frá áformuðum upphafsdegi þeirra, eins og tilgreint er í ákvörðuninni um veitingu aðstoðar.“

14. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.“

Samræming

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á samræmingu og samfelli milli þeirra verkefna og áætlana, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. a og ráðist er í samkvæmt þessari reglugerð og verkefna sem ráðist er í með aðstoð framlaga af fjárhagsáætlun Bandalagsins, frá Fjárfestingarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóði Evrópu og öðrum fjármálastofnunum Bandalagsins.“

15. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.“

Úttekt, eftirlit og mat

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að framkvæmd verkefna samkvæmt þessari reglugerð sé háð skilvirku eftirliti og mati. Breyta má verkefnum samkvæmt niðurstöðum eftirlitsins og matsins.

2. Til að tryggja að Bandalagsaðstoð sé notuð á skilvirkan hátt skulu framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki fylgjast með framgangi verkefna kerfisbundið, ef við á í samvinnu við Fjárfestingarbanka Evrópu eða aðrar viðeigandi stofnanir.

3. Þegar framkvæmdastjórnin tekur við umsókn um aðstoð og áður en hún samþykkir hana gerir hún úttekt á því hvort verkefnið er í samræmi við skilyrðin og forsendurnar sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr. Ef þess gerist þörf skal framkvæmdastjórnin bjóða Fjárfestingarbanka Evrópu eða öðrum viðkomandi stofnunum að taka þátt í þessari úttekt.

4. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu meta hvernig verkefni og áætlanir hafa verið framkvæmd og áhrif framkvæmdar þeirra til þess að meta hvort hægt er að ná upphaflegum markmiðum eða hvort þeim hefur verið náð. Mat þetta skal m.a. ná til áhrifa verkefna á umhverfið, að teknu tilliti til gildandi laga Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin getur einnig, að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki, krafist þess af þiggjanda aðstoðar að hann leggi fram sérstakt mat á verkefnum eða verkefnaflokkum, sem njóta stuðnings samkvæmt þessari reglugerð, eða veiti henni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð til að meta slík verkefni.

5. Eftirlitið skal, eftir því sem við á, fara fram með aðstoð efnislegra og fjárhagslegra vísa. Vísarnir skulu tengjast séreinkennum verkefnanna og markmiðum þeirra. Þeim skal þannig fyrir komið að þeir sýni:

– hve langt verkefnið er komið með tilliti til áætlunarinnar og markmiðanna sem upphaflega var mælt fyrir um,

– árangurinn sem náðst hefur við stjórnunina og hugsanleg vandamál í því sambandi.

6. Þegar framkvæmdastjórnin fer yfir einstakar umsóknir um aðstoð tekur hún tillit til niðurstaðna úttekta og mats sem gert var í samræmi við þessa grein.

7. Verklag við mat og eftirlit, eins og kveðið er á um í 4. og 5. mgr., skal fastsett í ákvörðunum um að samþykkja verkefnið og/eða í samningsákvæðunum sem tengjast fjárhagsaðstoðinni.“

16. Í stað 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin leggur árlega skýrslu um starfsemina, sem fram fer samkvæmt þessari reglugerð, fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina til að þau geti lagt á hana mat. Í þessari skýrslu skal vera mat á þeim árangri sem náðst hefur með Bandalagsaðstoð á ýmsum sviðum að því er varðar upphafleg markmið, svo og kafla um efni og framkvæmd gildandi áætlana til margra ára, einkum greinargerð um endurskoðunina sem kveðið er á um í 5. gr. a.“

17. Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

Fjárveitingar

Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd reglugerðarinnar er 4 600 milljónir evra á tímabilinu 2000 til 2006.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.“

18. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Endurskoðunarákvæði

Fyrir árslok 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið ítarlega skýrslu um reynsluna sem fengist hefur af fyrirkomulaginu á grundvelli þessarar reglugerðar við veitingu Bandalagsaðstoðar, einkum fyrirkomulagið og ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein 156. gr. sáttmálans, skoða hvort og við hvaða aðstæður ráðstöfunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, verður haldið áfram eða þeim breytt eftir að tímabilinu sem um getur í 18. gr. lýkur.“

19. Í stað hugtaksins „eka“ komi „evra“ í öllum textanum.

20. Textinn sem kemur fyrir í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 19. mgr. 1. gr. gilda frá og með 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. HALONEN

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Fyrirkomulag framkvæmdar sem um getur í e-lið 1. mgr. 4. gr.1. *Skilyrði fyrir framlagi Bandalagsins vegna áhættufjármagns*

Í umsóknum um fjárhagsaðstoð á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar skulu vera eftirfarandi upplýsingar sem nefndin, sem um getur í 17. gr., telur fullnægjandi sem grundvöll fyrir ákvarðanir um að veita aðstoð:

- upplýsingaminnisblað með helstu ákvæðum lögboðinna gagna sjóðsins, þ.m.t. rekstrarform hans að lögum og stjórnunarhættir,
- nákvæmar viðmiðunarreglur fyrir fjárfestingar, þ.m.t. upplýsingar um markverkefni,
- upplýsingar um þátttöku einkafjárfesta,
- upplýsingar um landfræðilega útbreiðslu,
- upplýsingar um hvort sjóðurinn getur borið sig fjárhagslega,
- upplýsingar um rétt fjárfesta til að grípa til aðgerða til úrbóta fari svo að sjóðurinn standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart þeim,
- upplýsingar um útgönguleiðir úr sjóðnum og ráðstafanir til leggja sjóðinn niður,
- réttur til setu í nefndum fjárfesta.

Áður en ákvörðun er tekin um að veita aðstoð verður fjárfestingarsjóður milliliða, eða önnur sambærileg fjármálastofnun, að skuldbinda sig til að fjárfesta ekki lægri fjárhæð en sem samsvarar tvöföldu framlagi Bandalagsins og hálfu betur í verkefnum, sem hafa áður verið skilgreind sem verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í samræmi við fyrsta undirlið, fyrstu undirgreinar 1. mgr. 155 gr. sáttmálans.

Ef Bandalagsaðstoð við fjárfestingarsjóði eða sambærileg fjármálafyrirtæki er veitt í formi þátttöku í áhættufjármagni skal að jafnaði aðeins veita hana ef framlag Bandalagsins er metið jafngilt, að því er varðar áhættu, framlagi annarra fjárfesta til sjóðsins.

Fjárfestingarsjóðir eða sambærileg fjármálafyrirtæki, sem taka við aðstoð, verða að fylgja traustum grundvallarreglum um fjármál.

2. *Takmarkanir á íhlutum og hámarksfjárfesting*

Framlög á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar skulu ekki vera meira en 1% heildarfjárhæðarinnar fyrir tímabilið sem um getur í 18. gr. Þó má hækka þessi mörk í samræmi við áðurnefndan e-lið 1. mgr. 4. gr.

Aðstoð Bandalagsins á grundvelli áðurnefnds e-liðar 1. mgr. 4. gr. skal ekki vera meira en 20% af heildarfjármagni fjárfestingarsjóðs eða sambærilegs fjármálafyrirtækis.

3. *Stjórnun á framlagi Bandalagsins*

Fjárfestingarsjóður Evrópu (EIF) hefur umsjón með framlagi Bandalagsins. Mæla ber fyrir um nánari skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd aðstoðar Bandalagsins á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, þ.m.t. eftirlit og stjórn hennar, í samstarfssamningi milli framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu þar sem tekið er tillit til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

4. *Önnur ákvæði*

Ákvæðin sem gilda um úttekt, eftirlit og mat, eins og tilgreint er í reglugerðinni, gilda til fulls um e-lið 1. mgr. 4. gr., þ.m.t. ákvæði um skilyrði fyrir aðstoð Bandalagsins, um fjármálastjórn og skerðingu, frestun og afturköllun aðstoðar. Þetta skal m.a. tryggja með viðeigandi ákvæðum í samstarfssamningnum milli framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu og viðeigandi samningum við fjárfestingarsjóði eða sambærileg fjármálafyrirtæki þar sem gerð er grein fyrir nauðsynlegu eftirliti með einstökum verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að endurskoðunarrátturinn geti gegnt hlutverki sínu, einkum til að sannreyna lögmæti þeirra greiðslna sem inntar eru af hendi.

Ákvæði 7. mgr. 11. gr. gilda um greiðslur á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr., þrátt fyrir 6. mgr. 11. gr. Við lok fjárfestingartímabilsins eða fyrr, eftir atvikum, skal færa allar innstæður, sem verða til við ávöxtun fjárfestingarinnar eða úthlutun hagnaðar og söluhagnaðar og allar aðrar úthlutanir til fjárfesta, aftur á fjárlög Bandalagsins.

Allar ákvarðanir um að leggja fram áhættufé á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar ber að leggja fyrir nefndina sem um getur í 17. gr.

Framkvæmdastjórnin gefur áður nefndri nefnd reglulega skýrslu um þátttöku í áhættufjármagninu á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Fyrir árslok 2006 skal framkvæmdastjórnin, innan ramma 15. gr. reglugerðarinnar, leggja fram mat á aðgerðunum sem gerðar hafa verið á grundvelli e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, einkum mat á notkun hennar, á áhrifum hennar á framkvæmd verkefna er lúta að samevrópskum netum sem hafa hlotið stuðning og á þátttöku einkafjárfesta í verkefnum sem eru fjármögnuð.“
